


Lesið í leik

læsisstefna leikskóla



1. útgáfa 2013

Útgefandi: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Útlitshönnun: Penta ehf.

Teikningar: Frá börnum í leikskólunum Sæborg og Ægisborg

Ljósmyndir: Sigrún Björnsdóttir, Harpa Hrund Njálsdóttir,

Ösp Jónsdóttir, Ásmundur Örnólfsson

Ábyrgðarmaður: Ragnar Þorsteinsson


Læsisstefnan „Lesið í leik“ byggir á tillögum starfshóps.

Skýrslu starfshópsins er hægt að nálgast á

www.skolarogfristund.is/utgefið_efni

Læsisstefnan „Lesið í leik“ er tileinkuð Kolbrúnu Vigfúsdóttur
fyrirum þróunarfulltrúa á SFS, fyrir áratuga störf hennar
í þágu leikskólabarna í borginni.

Lesið í leik – læsisstefna leikskóla



Efnisyfirlit

| | Bls. |
|--|------|
| Lesið í leik | 3 |
| Vörður á leið til læsis | 6 |
| 1. Þættir máls og læsis | 6 |
| 2. Aðgengi að efnivið og þekkingu | 9 |
| 3. Barnabókmenntir | 9 |
| 4. Söngur og kveðskapur | 11 |
| 5. Samstarf við fjölskyldur | 11 |
| 6. Fjölbreytt samstarf | 11 |
| 7. Börn með annað móðurmál en íslensku | 12 |
| 8. Áhugi, reynsla, menning og þekking barna | 14 |
| 9. Framfarir barna | 15 |
| 10. Hugmyndir, ítarefni, fræðsluefni og námsgögn | 18 |
| Heimildir | 20 |



↳ 2 3 4 5 6 7 8 9 10

Einnota læsisvísur

Lesi og skrifa list er góð
langar flesta að kunna
verða af því vísast fróð
og vinum mörgum unna.

Fleira en stafi festa má
í földum hugans leynum
allt sem fagurt er að sjá
eins með okkur geymum.

Litlum börnum leikur er
leiðin best til fræða
mörgu góðu safna sér
og saman um það ræða.

Lesi bæði ljóð og lag
líka myndir gæða
fræði þau sér færa í hag
og frjálsleg saman ræða.

Í leikskólanum læra má
lestur margra þátta
eigin skilning, annars ráð
einnig leið til sátta.

Læsi er meira en stafa staut
og stagl um forsetningar
það er lífsins langa þraut
að læra um tilfinningar.

Við skulum muna, muna vel
að margt er ungs manns gaman
ungum börnum unun er
að eiga leiki saman.

*Samið í tilefni ráðstefnunnar „Læsi er meira en
stafir og staut“ sem haldin var í febrúar 2012.*

Höfundur Kolbrún Vigfúsdóttir.





Lesið í leik

Í lögum um leikskóla segir: „Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta“ (Lög um leikskóla nr. 90/2008). Í aðalnámskrá leikskóla (2011) er læsi einn af grunnþáttunum en „læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt“. Bestur árangur næst þegar gott samstarf er á milli leikskóla og foreldra um nám barnanna.

Á leikskólaárunum er lagður mikilvægur grunnur að þroska barna sem undirbýr þau fyrir lestrarnám seinna meir en oft er hugtakið *bernskulæsi* (e. *emergent literacy*) notað yfir þetta ferli. Bernskulæsi hefur verið skilgreint þannig að það feli í sér ákveðna færni, þekkingu og viðhorf sem þroskast sem undanfari eiginlegs lestrar og ritunar. Bernskulæsi felur í sér skilning á læsistengdum hugtökum og tekur til hefðbundinna læsisþátta; hljóðkerfisvitundar, bókstafaþekkingar, umskráningar, orðaforða, málskilnings og ritunar. Í bernskulæsi mótast einnig viðhorf barna til læsis og vitund þeirra um tilgang þess auk þess sem málfærni leggur grunn að fyrstu skrefum barna við að tileinka sér læsi og síðari lestrarfærni. „Þrátt fyrir að gera megri ráð

fyrir að læsisþroski komi í kjölfar málþroska er um að ræða ákveðna gagnvirkni; málþroski hefur áhrif á læsi og læsi hefur áhrif á mál“ (Halldóra Haraldsdóttir, 2012). Í gegnum höfuðmarkmið sitt, leikinn, ber leikskólum að skipuleggja nám barna þannig að þau njóti þess að efla mál sitt og læsi í víðu samhengi í gegnum fjölbreytta reynslu og efnivið.

Læsi leikskólabarna er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri sem felur í sér málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi en sagt hefur verið að læsi snúist um samband orðanna við lífið sjálft (Stefán Jökulsson, 2012). Læsi snýst fyrst og fremst um sköpun merkingar og á sér aldrei stað í tómarúmi; reynsla skapar skilning en ef barn vantar orð eða tjáningarform til að lýsa reynslu sinni og tilfinningum getur það ekki tjáð upplifun og ef það hefur ekki upplifað og öðlast reynslu skortir á skilninginn. Segja má að allur efniviður og viðfangsefni leikskólans, náttúra, umhverfi, menning og reynsla barna séu verkfæri til að koma merkingu á framfæri. Í aðalnámskrá kemur fram að á leikskólaárunum séu börn að byggja sig upp, bæði andlega og líkamlega en leiða má líkum að því að þetta tvennt verði ekki slitið í sundur; börn þurfa að nota allan líkamann til að hugsa, skynja og skilja hlutina. Það veltur síðan á hæfni leikskólafólks hversu vel tekst að miðla á



fjölbreyttan hátt upplifun og reynslu barna í texta, orðum, hljóði, myndmáli eða öðru því táknerfi sem þau og aðrir geta lesið úr. Þannig lærir leikskólakennari smátt og smátt að gera upplifun sína og reynslu merkingarbæra. Í þessu ferli þarf þróun máls og læsis stöðugt að haldast í hendur við áhuga barnanna, gleði yfir viðfangsefninu og trú á eigin getu.

Fagmennska leikskólakennarans byggir m.a. á þekkingu hans á þróun máls og læsis og því hvernig honum tekst að skipuleggja leikskólastarfið þannig að nám og leikur verði óaðskiljanlegir þættir. Kennslufræðilegur leikur (e. *educational play*) er leikur þar sem kennarinn ýmist leggur til hugmynd eða efnivið í leikinn með ákveðið námsmarkmið að leiðarljósi. Með kennslufræðilegum leik er hægt að hafa námsmarkmiðin skýr á sama tíma og reynsla, áhugi og leikgleði barnanna fær að njóta sín (Anna Magnea Hreinsdóttir o.fl., 2010). Árangursríkasta námið á sér stað í leik sem felur í sér gagnvirka samræðu, vitsmunalega reynslu og uppbyggingu nýrrar þekkingar sem leiðir til sameiginlegs skilnings á viðfangsefninu. Hlutverk leikskólafólks er því að vera til staðar í leik barna og þróa hann áfram ásamt því að efla hann með hugmyndum, auðga hann með gagnvirkum samræðum og leikefni sem eflir mál og læsi. Þegar leikskólakennarinn fylgist með leiknum skráir hann framfarir barnanna um leið og hann kynnist þeim betur og nýtir reynslu þeirra og áhugasvið til frekara náms. Mikilvægt er að kennarinn undirbúi og ígrundi aðferðir sínar í öllu leikskólastarfinu á markvissan hátt þannig að hann viti hvernig helst megi stuðla að þróun barnskulæsis í gegnum leik og skapandi starf en ekki eingöngu í skipulögðu starfi.

Huga þarf að því að börnum fari stöðugt fram í öllum þáttum máls og varast að einblína á einstaka þætti umfram aðra. Leikskólakennarar

þurfa að vera meðvitaðir um að mikill einstaklingsmunur er á milli barna á leikskólaaldri hvað varðar málþroska og þeir þurfa að þekkja eðlilega framvindu þroska í máli og læsi. Móðurmálskunnátta barna með annað móðurmál en íslensku og viðhorf leikskólans til móðurmáls þeirra hefur mikil áhrif á möguleika barnanna til að tileinka sér íslensku sem annað mál. Leggja þarf áherslu á að styrkja foreldra til að viðhalda móðurmálinu með börnunum um leið og leikskólinn vinnur markvisst með íslenskunám þeirra. Með samstarfi heimilis og leikskóla er unnt að stuðla að virku tvítyngi sem felur í sér mikinn ávinning fyrir barnið og samfélagið. Þannig er komið í veg fyrir „málskipti“ sem geta haft afdrifarík áhrif á málþroska, frekara nám og tengsl barna við fjölskyldur sínar síðar á lífsleiðinni.

Fræðimenn eru ekki allir sammála um það hvaða þættir hafa forspárgildi fyrir lestrarnám barna síðar meir. Rannsóknir hafa þó leitt í ljós að ákveðnir þættir, s.s. orðaforði, frásagnargeta, hlustunar- og lesskilningur, sjálfstjórn, hljóðkerfisvitund og bókstafaþekking skipta miklu máli í þróun læsis. Suma af þessum þáttum er einfalt að meta með málþroskamati en aðra er flóknara að meta og því mikilvægt að leikskólakennarar þekki leiðir til að skrá og fylgjast með framförum barna á þeim sviðum. Hafa þarf í huga að börn sem koma í leikskólann með góða forgjöf, þ.e. búa við ríkt og gefandi málumhverfi á heimili og eiga foreldra sem þekkja aðferðir leikskólans og „skólamálið“, eru líklegri til að ná góðum árangri, hvort sem málumhverfi leikskólans er ríkt og gefandi eða ekki. Þetta á miklu síður við um börn sem koma í leikskólann án þessarar forgjafar. Ýmislegt bendir til þess að sá munur sem mælist á málþroska barna við skólaskil breytist lítið þegar lengra er komið í námi ef ekki er brugðist við á markvissan hátt strax í leikskóla. Leikskólinn er því í lykilstöðu til þess að finna og styðja sérstaklega við þau börn sem ljóst er að þurfa á stuðningi að halda frá upphafi til þess



að dragast ekki aftur úr í málþroska og læsi. Með markvissri vinnu þar sem lögð er áhersla á að efla mál og læsi allra barna stuðlar leikskólinn að því að jafna tækifæri þeirra til að ná árangri í námi og lífinu öllu.

Mikilvægt er að starfsstöðvar á skóla- og frístundasviði hugi að samstarfi um mál og læsi til að tryggja samfellu í námi barna og komi þannig í veg fyrir „afturhverft rof“, þ.e. endurtekningar eða skörun á viðfangsefnum skólastiganna, eins og rannsóknir gefa vísbendingar um að sé til staðar (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012; Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Upplýsingar um stöðu barna í máli og læsi við lok leikskóla fylgi þeim áfram og verði nýttar sem grundvöllur fyrir áframhaldandi stuðning við málþroska og læsi í skóla- og frístundastarfi.

Hlutverk leikskóla

Allir leikskólar Reykjavíkur geri áætlun um læsi sem byggja á læsisstefnu leikskóla, „Lesið í leik“, og aðalnámskrá fyrir leikskóla. Í áætlun leikskóla um læsi verði gerð grein fyrir því hvernig unnið verði að framkvæmd eftirfarandi stefnuþátta:

Í leikskólum borgarinnar

- Fer fram nám sem leggur öflugan grunn að þróun bernskulæsis.
- Er barnið í brennidepli og unnið er út frá stöðu þess, reynslu og áhugasviði.
- Er markvisst unnið að því að vekja áhuga barna á máli og litið er á tungumálið sem skapandi efnivið.
- Er lögð áhersla á fjölbreytta vinnu með alla þætti máls.
- Hafa börn gott aðgengi að fjölbreyttum málörvandi efniviði, skriffærum, bókum og tæknimiðlum sem stuðla að verkunnáttu, mál og læsi.
- Eru lesnar barnabækur um fjölbreytt efni til yndis og ánægju og til að efla mál og læsi. Lesið er daglega fyrir börnin í stærri og minni hópum og fyrir eitt barn í einu þegar því verður við komið eða þörf krefur.
- Er litið á söngva, vísur og þulur sem mikilvægan efnivið í leikskólustarfi, meðal annars með tilliti til málörvunar og læsis.
- Eru sögur og kveðskapur uppspretta sköpunar í leik sem eflir mál og læsi.
- Er markvisst unnið að því að kenna íslensku sem annað mál í leik og með virkri þátttöku tvítýngdra barna í leikskólustarfinu, um



leið og leitað er leiða til að styðja við og efla móðurmál þeirra í samstarfi við foreldra.

- Er fylgst með framförum barna í málþroska og læsi.
- Er beitt snemmtækri íhlutun og leitað eftir stuðningi sérfræðinga þegar grunur vaknar um seinkaðan málþroska.
- Eru foreldrar virkjaðir í samstarf um mál og læsi barna sinna og upplýstir um framfarir þeirra.
- Er stuðlað að samstarfi við grunnskóla og frístundastarf þannig að börn upplifi samfellu í námi.

Hlutverk fagskrifstofu SFS

Hlutverk fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar er að styðja leikskóla borgarinnar við gerð læsisáætlana og kalla eftir því að þeim sé skilað inn. Í heildarmati leikskóla verði hugað að því hvernig staðið er að vinnu leikskóla með læsi og kallað eftir umbótum sé þess þörf. Í skorkorti starfsáætlunar SFS verði safnað saman upplýsingum um fjölda leikskóla sem hafa lagt fram áætlun um læsi. SFS komi að og skipuleggi fræðslu um mál og læsi í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ. Þá hvetji SFS leikskóla til þátttöku í símenntun og fræðslu um mál og læsi, ásamt því að miðla til leikskóla upplýsingum um vönduð vinnubrögð varðandi mál og læsi.

Vörður á leið til læsis

Hugmyndir og leiðarstef fyrir áætlun um læsi í leikskóla.



Í *Vörðum á leið til læsis* er að finna fjölmargar hugmyndir og gagnlegar ábendingar varðandi þróun bernskulæsis. Leikskólar eru hvattir til þess að nota vörðurnar á skapandi hátt með leik og uppgötvun í huga við gerð áætlunar um læsi. Við hverja vörðu er að finna mikilvæg atriði sem nýtast vel sem kveikjur að umræðum eða til frekari ígrundunar í starfsmannahópnum. Í lokahlutanum er að finna ítarefni og ábendingar um áhugaverð verkefni og fræðilegt efni til dýpkunar.

Hugmyndirnar um vörðurnar eru að stórum hluta sóttar í *Skýrslu um máluhverfi og lestrarnám barna í tíu leikskólum* sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2011) en einnig í rannsóknir fræðimanna og skrif þeirra um málþroska og læsi. Einnig kviknuðu hugmyndir á fundum starfshópsins og eftir tillögur sérfræðinga, sjá nánar skýrslu starfshópsins á www.skolarogfristund.is /útgefið efni og heimildir hér fyrir aftan.

Leikskólar eru misjafnlega langt komnir í að þróa starf með mál og læsi ásamt því að setja fram markmið og leiðir í þeirri vinnu. Mikilvægt er að allir leikskólar byrji strax að móta sér áætlun um læsi og hafi hana stöðugt í endurskoðun og frekari þróun.

Í læsisstefnu leikskóla þarf að leggja áherslu á tengingu leiks og læsis því „leikur er lífið sjálf“.

Ásmundur Örnólfsson, leikskólakennari

I. Þættir máls og læsis

Orðaforði og málskilningur

- Orðaforði er grundvallarþáttur í því að skilja talað og lesið mál.
- Hlustunarskilningur og síðar lesskilningur byggja á góðum orðaforða.
 - o Orðaforði er safn þeirra orða sem barnið hefur á valdi sínu.
 - o Virkur orðaforði eru þau orð sem barnið notar í daglegu tali.
 - o Óvirkur orðaforði eru þau orð sem barnið þekkir og skilur þegar það heyrir orðin.

• Þróun í orðaforða leikskólabarna:

- o Fyrst læra börn orð um fólk og hluti í nánasta umhverfi. Kennarinn þarf að setja orð á hluti í umhverfi barnsins, athafnir, reynslu, upplifun og tilfinningar og fylgja því eftir með fjölbreyttum aðferðum.
- o Flóknari orðaforði verður til m.a. með lestri bóka, fyrst myndabóka og síðan bóka með meiri texta. Táknkerfi texta og mynda síast inn í huga barna þegar lesið er fyrir þau og myndir skoðaðar um leið. Þannig þróast læsi bæði á texta og myndir og skilningur á því að orðaforði í ritmáli er annar og meiri en í talmáli.

Sköpun byggir alltaf á fyrri hugmyndum okkar, þekkingu og reynslu. Til þess að geta búið til sögu þurfa börn að kunna orðin, búa til setningar, heyrja sögu og fá tækifæri til að endurskapa frá eigin brjósti. Slíkt sköpunarferli krefst undirbúnings og innleggs frá leikskólakennara til þess að nám fari fram.

Leikskólakennarinn þarf að baða börnin í næringarríku orðabaði.

Ásmundur Örnólfsson, leikskólakennari

Máltjáning og frásagnarhæfni

- Samtöl sem byggjast á gagnvirkum samskiptum þar sem markmiðið er að skapa sameiginlegan skilning styðja við tjáningu og frásagnarhæfni barna.
- Samtöl og samskipti við börn í leik út frá áhugasviði þeirra og reynslu eru líklegri til að ýta undir tjáningu þeirra og frásagnargleði en samtöl við barnahópa í skipulögðu starfi sem stýrt er af kennara.
- Samskipti og samræður um litróf tilfinninga, líðan og upplifun eykur möguleika barna á því að þróa með sér læsi á eigin tilfinningar og annarra.
- Heimspekileg samræða og uppbygging gagnrýnninnar hugsunar í barnahópnum stuðlar að læsi þeirra á upplýsingar og umhverfi sitt. Þetta er hægt að gera með því að rýna í og ræða samfélagsmiðla, fjölmiðla, myndir, bækur, hegðun eða annað.



- Mikilvægt er að grípa frumkvæði barna, hlusta á þau, svara þeim og leiða þau áfram í að segja frá í samhengi.
- Þróa þarf tjáningu barna í tengslum við eigin teikningar og verkefni þannig að þau læri að setja orð á sköpun sína.
- Huga þarf að formgerð málsins, þ.e. hvernig orð raðast í setningar.
- Skapa aðstæður fyrir þróun í frásögn og tjáningu barna frá því að vera „hér og nú“ frásögn í það að vera „þar og þá“ frásögn.
- Nota brúður, myndrænt umhverfi, fjölbreyttan efnivið, sköpun, innisvæði, útisvæði og ólíka reynslu barnanna til að ýta undir máltjáningu, frásögn og sköpunargleði.
- Sögulestur og sögugerð fullorðinna verði fyrirmynd fyrir börnin.
- Vinna með uppbyggingu frásagnar og kynna hvernig hún skiptist í þrennt, bæði í sögugerð kennara og barna:
 - o Kynning aðstæðna.
 - o Atburðarás.
 - o Sögulok.

Ef við glötum orðum til að greina í sundur minnkar það getu okkar til að greina blæbrigðin í náttúrunni.

*Helena Óladóttir, verkefnastjóri
Náttúruskóla Reykjavíkur*

Hlustun og hljóðkerfisvitund

- Hljóðvist og hlustunarskilyrði.
- Virk hlustun í leik og daglegu starfi:
 - Fyrirmæli, athygli, einbeiting, sjálfstjórn.
 - Lesstundir, leikur og skipulagt starf.
- Hljóðkerfisvitund:
 - Stærri hljóðeiningar, s.s. atkvæði, rím, klappa samstöfur.
 - Minni hljóðeiningar, einstök fónem, greina hljóð í stöfum og orðum.
 - Sundurgreining og samsetning orða.
 - Söngtextar, þulur og ljóð hafa jákvæð áhrif á þróun hlustunar og hljóðkerfisvitundar.

Það má vel tengja saman útiveru og ritmálsörvun, t.d. með því að finna alla stafina í umhverfinu – Hvað er eins og A?

Ásmundur Örnólfsson, leikskólakennari

Ritmál

- Þróun ritmáls hefst um tveggja ára aldur.
- Krot barna er talið vera góður grunnur undir þróun ritmáls og myndmáls.
- Í bernskulæsi er talað um að börn tileinki sér og þrói með sér ritmál.
- Hvetjandi ritmálsumhverfi veitir barninu tækifæri til að fylgjast með öðrum, gera tilraunir og prófa sig áfram.
- Markvisst ritmálsumhverfi gerir ritmálið sýnilegt þegar það er notað til þess að ljá orðum merkingu en smátt og smátt læra börn að skilja og átta sig á því hvaða tilgangi bókstafir og orð gegna.
- Með því að leika við hlið barna og nýta leikinn sem nám með kennslufræðilegt markmið sýnir kennarinn hvernig ritun og læsi getur orðið hluti af leikum.
- Þegar kennarinn hvetur börn til þess að nota ritmálið, t.d. með því að merkja hluti, verk barnanna eða skrá niður frásagnir þeirra eða fullorðinna, sýnir hann fram á hvernig hægt er að nota ritmálið til

að skrá og breyta hugsun í texta sem síðan er lesinn aftur og aftur með börnunum og fyrir þau.

- Nota þau tækifæri sem gefast til að benda á bókstafi og orð í texta sem verið er að lesa, tengja hljóð stafa og orða við umhverfið og leiða börn áfram í þekkingarleit sinni.
- Nýta fjölbreyttan efnivið til að búa til stafi og orð.
- Merkja hluti í umhverfinu með orðum (nota hástafi og lágstafi).
- Þegar hugað er að samfellu skólastiga þarf að byggja brú á milli talmáls og ritmáls. Í því samhengi er góð málfærni og skapandi hugsun undirstaða til að byggja á og örva í gegnum leik og bóklestur.

Það er ekki val leikskóla hvort unnið er með mál og læsi og sú vinna þarf að vera markviss.

Freyja Birgisdóttir, lektor HÍ



2. Aðgengi að efnivið og þekkingu

- Afmarkaðir bókakrókar sem bjóða upp á notalega samveru barna og fullorðinna og gott aðgengi að fjölbreyttum bókum sem skipt er út reglulega.
- Mikilvægt að leikskólabörn hafi gott aðgengi að mál- og læsishvetjandi leikefni, bæði í leik og skipulögðu starfi.
- Fjölbreyttar barnabækur og prentefni (huga að ólíkum tungumálum og leturgerðum).
- Skráningar á leik barna og upplifun eru nýttar til að gera bækur eða rafrænt efni sem börnin hafa greiðan aðgang að. Samskipti barna við fullorðna með slíkar bækur eða myndir við hendina byggja upp orðaforða og hæfileika þeirra til að tjá sig um liðna atburði, reynslu og upplifun.
- Unnið markvisst með mál og læsistengda þætti í fjölbreyttum verkefnum dagsins og í gegnum ólíkan efnivið, t.d. verkefni sem tengjast hreyfingu, leikrænni tjáningu, listsköpun, vísindum, daglegum athöfnum, útikennslu og fleira.
- Verkkunnátta og tæknimiðlar nýttir til að efla mál og læsi.
- Leikskólinn leggi sig fram um að skapa sameiginlega þekkingu á því hvernig hægt er að:
 - o Efla mál og læsi í gegnum leik þar sem áhugi og reynsla barnsins er í brennidepli.
 - o Nýta fjölbreytt leikefni og verkefni í tengslum við þróun málþroska og læsis.
 - o Ræða við börn og gefa þeim tækifæri til að tjá sig.
 - o Meta, ígrunda og undirbúa starf í tengslum við þróun máls og læsis, bæði í leik og skipulögðu starfi.
 - o Skilgreina hvaða hugtök skipta máli fyrir þróun máls og læsis og hvaða skilningur er lagður í þau.
 - o Vinna með bakgrunn barna og reynslu, móðurmál og menningu sem lið í uppbyggingu nýrrar þekkingar.

Grípum bók í hönd hvenær sem færi gefst og lesum mikið fyrir börn sem við vitum að þurfa á því að halda.



Barnabókin á fyrst og fremst að vekja gleði og það á að vera góð upplifun að hlusta á sögu. Ef sagan veur áhuga er barnabókin jafnframt skemmtilegur efniviður til fjölbreyttrar kennslu. Þá reynir á fagmennsku kennarans að viðhalda áhuga barnanna og virkja hann til náms.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, lektor HÍ

Skráningar og sögugerð eru bókmenntir leiksins.

3. Barnabókmenntir

- Mikilvægasti liðurinn í almennri málörvun er að lesa fyrir börn og venja þau við bækur og ritmál.
- Lestrarstund hefur gildi í sjálfu sér en hún á að vera ánægjuleg upplifun sem veitir börnum nánd, hlýju og öryggi.
- Ánægjuleg lestrarstund skapar jákvætt viðhorf barna til bóka og lesturs um leið og þau fá fyrirmynd að því hvernig þjálfaður lesandi ber sig að.
- Mikilvægt er að starfsfólk skapi tækifæri fyrir fjölbreytilega lestrarupplifun yfir daginn og hafi í huga að:
 - o Lestarstundir séu undirbúnar og markvissar.



- o Lestrarstundir séu stundum óundirbúnar og sjálfsprottnar.
- o Lesa bæði með mörgum börnum og með fáum börnum.
- o Grípa bók í hönd og lesa fyrir eitt og eitt barn í einu þegar kostur er.
- o Jafna tækifæri barna til náms með því að lesa mikið fyrir börn í leikskólanum sem vitað er að lítið er lesið fyrir annarsstaðar.
- Lestur bóka felur m.a. í sér að:
 - o Börnin átta sig á lestrarátt frá vinstri til hægri og ofan frá og niður síðu.
 - o Hver blaðsíða er lesin á eftir annarri.
 - o Myndir segja líka sögu og hægt er að lesa bækur út frá myndum eða segja sögur með myndum.
 - o Skilningur barna á því að ritmál hafi tilgang eykst.
 - o Tilfinning fyrir uppbyggingu setninga og málsgreina verður betri sem og tilfinning fyrir fjölbreyttri málnotkun og ólíkum blæbrigðum máls.
 - o Bækur gefa góðar fyrirmyndir að sögubyggingu og frásagnarefni sem skilar sér í leik barnanna og sögugerð.
- o Bækur gefa tilefni til að vinna með tölur, flokkun, samanburð, skipulag, útdrátt og mat á viðfangsefni.
- o Bækur gefa víðari sýn á veröldina, menningu, samfélög, fjölbreytt tungumál, ritmál, o.fl.
- o Bækur ýta undir ímyndunarafl og gefa nýjar hugmyndir sem stuðla að auknum orðaforða.
- o Vangaveltur og umræður um efni og persónur gefa samtölum innihald og þroska málskilning og hæfileika til að hugsa og eiga samskipti.
- o Bækur gegna mikilvægu menntunar- og menningarhlutverki og eru einn af grundvallarþáttum barnamenningar.

Aðferðirnar skipta miklu máli en ekki síst færni kennarans við að efla gleði og áhuga barnanna á því viðfangsefni sem verið er að vinna með.

*Guðrún Sigursteinsdóttir, höfundur
Sögugrunnsins og Orðahljóða*

4. Söngur og kveðskapur

- Söngur, rímur, þulur og ljóð henta vel fyrir börn til að æfa sig og þjálfá málið.
- Vitund um bundið mál og einkenni þess lærast þegar unnið er markvisst með kveðskap.
- Þekking á rímuðum kveðskap, þulum og söngtextum auðveldar börnum að:
 - Efla hljóðkerfisvitund.
 - Þekkja máhljóð og læra að lesa.
 - Auka orðaforða.
 - Æfa framburð.
 - Auka málskilning.
 - Efla minni.

Ef þú þekkir ekki orðin geturðu ekki tjáð upplifun þína og ef þú hefur ekki upplifað vantar skilninginn á orðunum. Þegar þekkingin og reynslan kemur saman í eitt byggist upp hæfileikinn til að greina á milli t.d. tjá muninn á „grænu og grænu“.

*Helena Óladóttir, verkefnastjóri
Náttúruskóla Reykjavíkur*

Barn þarf að hafa horft á iðuna í ánni til þess að geta skilið síðar meir hvað um er rætt þegar slíku fyrirbæri er lýst í texta.

Fanný Heimisdóttir, leikskólastjóri

5. Samstarf við foreldra

- Leikskólinn hafi frumkvæði að samstarfi við foreldra um eflingun læsis.
 - Eigi samtal við foreldra um mikilvægi lesturs.
 - Upplýsi foreldra um nám barnanna og framfarir í máli og læsi.
 - Leiðbeini foreldrum um það hvernig þeir geta stutt við og örvað mál og læsi barna.

- Leiðbeini foreldrum barna með annað móðurmál en íslensku um mikilvægi móðurmáls og hvernig leikskólinn og foreldrar geti í samvinnu stuðlað að virku tvítyngi.
- Foreldrar fái lánaðar heim bækur eða annað mál- og læsisörvandi leikefni.
- Foreldrar verði lesandi fyrirmyndir í leikskólanum með reglulegum heimsóknum.
- Rannsóknir sýna að umhverfi á heimilum hefur áhrif á læsi, m.a. hvort börn sjái foreldra sína lesa eða skrifa og hvort það séu bækur eða annað lesefni á heimilinu.
- Hugað verði sérstaklega að því að efla samstarf við foreldra sem á einhvern hátt hafa minni möguleika á að efla og örva mál og læsi barna sinna.

Umhverfislæsi er að vera læs á tákmyndir í umhverfinu og í raun allt í hinu hlutbundna umhverfi. Þetta snýst um samhengi og tengsl hlutanna, s.s. hvernig laufblaðið tengist trénu, síðan hvernig þetta tengist í ferli og endar í hringrás. Hvernig tengjumst við sjálf þessu umhverfi, rýminu og samhenginu byggir m.a. á færni okkar til þess að lýsa upplifuninni í ræðu og riti.

*Helena Óladóttir, verkefnisstjóri
Náttúruskóla Reykjavíkur*

6. Fjölbreytt samstarf

- Samstarf við grunnskóla og frístundaheimili. Mikilvægt er að stuðla að samfelli ú námi barna þannig að grunnskóli og frístundastarf verði eðlilegt framhald af leikskóla.
 - Samtal milli kennara í leik- og grunnskóla til að kynnast starfsaðferðum beggja skólastiga.
 - Gagnkvæmar heimsóknir í leikskóla, grunnskóla og frístundaheimili.
 - Sameiginleg verkefni þar sem mál og læsi eru meginviðfangsefnið.
 - Upplýsingagjöf.

- Samstarf við Borgarbókasafn:
 - Köffort (hægt að óska eftir bókum sem tengjast ákveðnum þemum og bókum á fjölbreyttum tungumálum).
 - Sögustundir á hverfisbókasöfnum.
 - Kynning fyrir foreldra á mikilvægi lesturs og hvernig hægt er að nota bókasafnið.
 - Fjölskyldumorgnar fyrir heimavinnandi foreldra.
 - Fjölmennningarleg verkefni, menningarmót, o.fl.
 - Bókmenntaborgin – Lestrarhátíð í október.
- Samstarf við nærumhverfi:
 - Barnamenningarhátíð.
 - Lista- og menningarstofnanir.
 - Listamenn.
 - Eldri borgarar.
 - Íþróttafélög.
 - Tólmundastarf.
 - Þjónustumiðstöðvar og sérfræðiþjónusta skóla.

Börn þurfa krefjandi verkefni og sú reynsla sem þau öðlast gefur þeim nýjar hugmyndir sem þau nýta sér áfram í starfi og leik.

Elfa Lilja Gísladóttir, tónmenntakennari

Læsi er félagslegt ferli sem á sér stað í félagslegum samskiptum, t.d. í hlutverkaleiknum.

Anna Magnea Hreinsdóttir, leikskólafulltrúi

7. Börn með annað móðurmál en íslensku


- Tvítýngi – fjöltýngi.
 - Máltaka tveggja/fleiri tungumála samtímis leiðir til tvítýngis.
 - Þegar barn notar tvö tungumál eða fleiri daglega og lifir þannig í báðum (öllum) tungumálunum er talað um „virkt tvítýngi“.



- Börn virðast hafa alla burði til að læra tvö eða fleiri mál samtímis og verða tvítýngd/fjöltýngd ef bæði/öll tungumálin eru notuð reglulega og nægilegt ílag (e. input) fæst úr málumhverfinu.
- Það er ávinningur, bæði fyrir einstakling og samfélag að hafa góða þekkingu á móðurmáli og íslensku.
- Móðurmál og íslenska byggja hvort á öðru í stað þess að taka hvort frá öðru.
- Móðurmálið er mikilvægur grunnur fyrir máltöku annars máls.
- Málskipti (þegar íslenska tekur yfir og barn tapar móðurmáli sínu):
 - Ef ekki er haldið áfram að þróa móðurmálið þegar komið er

í íslenskt málumhverfi getur barnið tapað niður móðurmáli sínu á stuttum tíma (1-2 árum).

- o Málskipti hafa neikvæð áhrif á þróun málþroska og sérstaklega þróun læsis.
- o Málskipti hafa neikvæð áhrif á samskipti og tengsl barna við fjölskyldur sínar.
- Móðurmál barnsins er samofað sjálfmynd þess. Börn með annað móðurmál en íslensku koma oftast í leikskólann með góða þekkingu á móðurmáli sínu og menningu.
 - o Mikilvægt er að líta á barnið sem hæfan einstakling þar sem virðing og væntingar eru lykilatriði.
 - o Jákvætt viðhorf leikskólasamfélagsins til ólíkra móðurmála er líklegt til þess að hafa góð áhrif á máltöku íslensku.
 - o Þegar börn og leikskólakennarar læra söngva og orð á



fjölbreyttum tungumálum er verið að sýna fjölbreyttum tungumálum virðingu (og áhuga á markvissan hátt) en það eflir færni allra barnanna í hópnum.

- o Gott er að senda heim myndir úr leikskólastarfinu til að foreldrar geti rætt reynslu barnanna og upplifun við þau á móðurmáli þeirra.
- o Starfsfólk leikskóla getur óskað eftir því að fá myndir frá heimilum barnana til að ræða við börnin á íslensku um það sem þau gera heima í móðurmálsumhverfinu.
- Mikilvægt að leikskólastarfsfólk þekki feril máltöku annars máls og viti hvernig eigi að bregðast við og vinna með málörvun og læsi tvítyngdra barna frá upphafi leikskólagöngunnar.
 - o Miklu máli skiptir að efla barnið úr gagnvirkum samskiptum við börn og fullorðna sem tala góða íslensku. Tímalengdin skiptir miklu máli en talað er um að börn þurfi að vera yfir 50% vökutímans í ríku málumhverfi á íslensku til þess að ná góðum tókum á henni.
 - o Meta þarf framfarir barna í tungumálinu og vinna með íslensku sem annað mál út frá því hvort barnið er byrjandi, lengra komið eða búið að ná góðri færni í íslensku.
 - o Það tekur tíma að læra íslensku sem annað mál. Góð staða í móðurmáli er líkleg til þess að auðvelda barni að læra íslensku sem annað mál og markviss vinna, örvun og hvatning í leikskólanum frá fyrstu tíð skiptir miklu máli.

Leikskólakennarar þurfa að nýta tækifærin sem gefast til að taka þátt í leiknum stund og stund. Í slíku felst stuðningur og styrkur sem ýtir börnum áfram í námi sínu.

Ásmundur Örnólfsson, leikskólakennari

Í vinnu barnanna með einingakubba reynir á margvíslega þætti, s.s. samvinnu, umræður, samningaviðræður og að leysa ágreining. Börnin mæla byggingarnar, telja, búa til bókstafi og nöfnin sín úr kubbunum auk þess sem þau merkja byggingarnar, fyrst með myndum en síðan bókstöfum og orðum.

Elva Önundardóttir, leikskólakennari




8. Áhugi, reynsla, menning og þekking barna

- Margar rannsóknir á námi barna leggja áherslu á að besti árangurinn náist þegar kennarinn hefur barnið í brennidepli og nýtir áhuga þess, reynslu og bakgrunn sem upphafsreit í náminu. Til þess að þetta sé mögulegt þurfa kennarar að fylgjast með og kynnast barninu og nota þær upplýsingar til þess að ákveða hvað sé æskilegt næsta skref í námi þeirra.
- Til að þróa skilning á reynslu og áhuga barna þurfa kennarar að skrá og fylgjast grannt með öllum börnunum, því áhugi barnanna er fullkominn hvati fyrir það nám sem fer fram. Um leið og kennarar velta þessu fyrir sér þurfa þeir að skoða:
 - o Hvar leika börnin?

- o Hvað leika þau með?
 - o Hverja leika þau við?
 - o Hvaða leikefni, verkefni, reynsla eða þemu laða fram áhuga þeirra og forvitni?
 - o Við hvaða aðstæður gengur börnunum vel að læra? (í stórum hópi, litlum hópi, ein eða með einu öðru barni?)
 - o Hvar liggja styrkleikar barnsins og veikleikar?
 - o Hvað ýtir undir samskipti barna við önnur börn eða fullorðna og virka þátttöku í leiknum?
 - o Hvaða börn hafa frumkvæði að samskiptum og hver þarf að örva sérstaklega?
- Ein leiðin til að hafa barnið í brennidepli og nýta reynslu þess, bakgrunn og þekkingu, er að skoða áhugamál barnsins fyrir utan leikskólann.
 - Menningarlæsi ungra barna á fjölbreytta þætti menningarinnar er yfirleitt mjög mikið. Þar skipar dægurmenningin, fjölbreytt áhugamál barnanna (t.d. fótbolti, dans, tónlist), bakgrunnur þeirra, tungumál og fjölskylda oft stóran sess.
 - Rannsóknir á menningarlæsi barna hafa sýnt að þekking þeirra á mikilvægri barnamenningu skipar þeim ákveðinn virðingarsess innan leikskólans. Sá virðingarsess verður á tíðum til þess að útiloka ákveðin börn frá þátttöku í leikskólasamfélaginu en dæmi um slíkt má t.d. sjá í rannsókn Þórdísar Þórðardóttur á menningarlæsi leikskólabarna frá árinu 2012, bls. 94.
 - Til þess að hjálpa kennurum við að átta sig á því hvað það er sem tilheyrir vinsælli menningu barna og hvernig má nýta hana sem upphafspunkt og áhugakveikju í máli og læsi barna, auk annarra viðfangsefna leikskólans, má skoða mynd 1.

Þegar börnin skrá niður upplifun sína í samstarfi við kennara, bæði í máli og mynd, eru þau að gera reynslu sína og þekkingu merkingarbæra. Þegar börnin gerðu kort af leiðinni í KR og sömdu dagskrá ípróttastundarinnar var þeim gefin forskrift en smátt og smátt fóru þau að spreyta sig sjálf.

Ásmundur Örnólfsson, leikskólakennari



Mynd 1. Tákmynd fyrir það sem tilheyrir menningu barna og vekur áhuga þeirra (Tekið úr Neum, S., 2012).

Listin við að uppgötva hvað börn vita felst í að kunna að spyrja þau opinna spurninga eins og:

- Hvernig veistu þetta?
- Hvar lærðir þú þetta?
- Hvernig getum við lært meira um þetta?
- Segðu mér frá myndinni þinni, söngnum, byggingunni.

Starfshópurinn

Það er mikilvægt að kennarinn sé nálægur, t.d. í kubbaleiknum þegar börnin eru að merkja hluti, ef kennarinn er ekki til staðar þá vill leikurinn leysast upp en ef kennarinn er nærri þá er hægt að þróa leikinn áfram.

Anna Magnea Hreinsdóttir, leikskólafulltrúi

Í kennslufræðilegum leik er leikskólakennarinn til staðar og leggur leiknum til efnivið og hugmyndir. Í rannsókn okkar var algengt að sjá annað hvort algerlega frjálstan afskiptan leik eða hópastarfi með verkefnablöðum.

Anna Magnea Hreinsdóttir, leikskólafulltrúi

9. Framfarir barna

- Á leikskólaárunum er lagður grunnur að málþroska og læsi barna og því getur markviss vinna á þeim árum haft grundvallarhrif á færni barna.
- Ferilmöppur eru góð leið til að skrá framfarir barna í leikskólastarfi. Þær geta m.a. sýnt feril barnsins varðandi ritmálið frá krotstigi yfir

í það að draga til stafs og skrifa orð. Þá geta fjölbreyttar skráningar á samskiptum barna og frásögnum þeirra um eigin verkefni gefið sterkar vísbendingar um stöðu þeirra og þroska.

- Niðurstöður slíkra skráninga auðvelda leikskólakennurum að meta hvort þörf sé á snemmtækri íhlutun og frekari mati á stöðu og þroska barna með öðrum matstækjum og/eða skimunum.
- Fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning varðandi mál og læsi getur íhlutun leikskólans skipt sköpum fyrir allt frekara nám.
- Hér á eftir eru dæmi um matstæki og leiðir til skráningar.
 - o Á vef um könnunaraðferðina (www.projectapproach.org) er fjallað um skráningar og lýst hvernig hægt er að nýta þær til þess að skoða framfarir barna og færni.
 - o Í rannsókninni *Á sömu leið* var þróaður viðmiðunarlisti fyrir læsi barna og framfarir. Viðmiðunarlistinn er gagnlegur fyrir leikskólafólki til þess að skipuleggja umhverfi og leikefni barnanna þannig að það stuðli að vinnu með mál og læsi. Einnig er hægt að nýta listann sem gátlista til að skoða framfarir barna í málþroska og læsi. Sjá mynd nr. 2.
 - o Orðaskil (málþroskapróf í formi gátlista).
 - o HLJÓM2 (notað til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir lestrarerfiðleika síðar meir).
 - o Íslenski þroskalistinn og Íslenski smábarnalistinn (gátlisti til að kanna almennan þroska barna en einnig málþroska).
 - o EFI-2 (málþroskaskimun sem ætluð er til notkunar í leikskólum).
 - o Staða – framfarir - framhald (Gátlisti til að meta framfarir tvítyngdra barna á aldrinum 3-5 ára í íslensku sem öðru máli, er að finna á www.reykjavik.is).
 - o Mat á málþroska tvítyngdra barna er að finna á www.allirmed.is.
 - o Guðrún Sigursteinsdóttir, sérkennsluráðgjafi á Þjónustumiðstöð Breiðholts, hefur tekið saman ýmis gögn sem gott er að nota við mat og framfarir á málþroska barna. Gögnin er hægt að nálgast á innri vef skóla og frístundasviðs/fagþjónusta/læsi.
 - o Í þemahefti um grunnþáttinn læsi er að finna góðan gátlista frá kennara sem telur að íslenskunám barna snúist um samskipti í viðum skilningi. Gátlistann má sjá á mynd 3.

Það að börn taki framförum er stóra málið.

Anna Magnea Hreinsdóttir, leikskólafulltrúi

Viðmið fyrir læsi

Að segja sögur – lestur

- | | |
|---|---|
| <ul style="list-style-type: none"> • Sýnir áhuga á – og/eða leikur sér með orð og/eða orðatiltæki • Hefur áhuga á – og/eða leikur sér með hrynjanda í tali • Segir frá persónulegri skoðun, ljósmynd, texta og/eða reynslu • Sýnir áhuga á – og/eða skilur og notar ný hugtök • Sýnir áhuga á – og/eða syngur lög og rímar • Setur fram spurningar og/eða röksemdir • Gerir sér grein fyrir merkjum og táknum • Tengir kennimerki (lógó) við merkingu | <ul style="list-style-type: none"> • Vísar til hluta í umhverfinu • Setur orð á athafnir • Hlustar og tekur virkan þátt í sögustundum • Umorðar og/eða veltir sögu fyrir sér • Fylgist með sögum sem önnur börn segja • Hefur áhuga á bókum, „Les“ bækur • Er forvitið um orð og bókstafi • „Leik-les“ (þykist lesa) • Þekkir rétta lesátt • Þekkir bókstafinn sinn og fjölskyldumeðlima og algeng orð (mamma, pabbi, afi, amma o.s.frv.) |
|---|---|

Teikning – skrift – krot

- | | |
|--|---|
| <ul style="list-style-type: none"> • Skrifar „leik-skrift“/„barna-skrift“ • Krotar í skriftarstíl • Skrifar algeng orð • Notar tölvutæk kennslugögn sem snúa að tungumáli og táknum (tölvuleiki tengda læsi) | <ul style="list-style-type: none"> • Skrifar á teikningar • Skrifar bókstafi/orð/setningar • Skiptir orðum í atkvæði • Skrifar með og á ólíkan efnivið • Teiknar sögur |
|--|---|

Leikir

- | | |
|--|---|
| <ul style="list-style-type: none"> • Tekur þátt í hlutverkaleik • Ýkir/leikur með sögu • Semur um hlutverk fyrir hlutverkaleik • Semur sögu/leik með leikföngum og öðrum efnivið | <ul style="list-style-type: none"> • „Leik-skrifar“ í leik • „Leik-les“ í leik • Semur um og/eða þróar ramma leiksins • Byr til ták og efnivið sem nota á í leiknum |
|--|---|

Mynd 2. Viðmið fyrir læsi. („Á sömu leið“ 2013. Ritstjórar: Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. Reykjavík: Háskólaútgáfan.)



Það er mjög gaman að skoða hvernig orðin líta út og ég er með stafina líka. Þegar við vorum að tala um stafi þá skar ég út litafilmur og setti í gluggana og þegar sólin skín þá skella stafirnir á vegginn, gólfíð, börnin og einhver heyrir segja: „ég er með A á mér“

Þátttakandi í rýnihópi

Gátlistinn

Arnheiður hefur kennt börnum í yngstu bekkjum grunnskóla árum saman og sannfærst um að Íslenskunámið snúist um samskipti í víðum skilningi. Smám saman hefur hún komið sér upp gátlista sem hún fer yfir annað slagið til þess að minna sjálfa sig á þætti sem hún telur mikilvæga í móðurmálskenningunni:

- Ég nýti mér hvert tækifæri til að spjalla óformlega við börnin, t.d. á skólalóðinni.
- Ég hlusta af athygli á það sem þau segja og bregst við eða spyr spurninga til að halda samtalinu gangandi.
- Ég reyni að ræða það sem barnið vill tala um fremur en að beina samtalinu í aðra átt eða spyrja það spjörum úr.
- Ég nota ekki nafn barns – Björn! – í merkingunni „Neil!“ eða „Hættu þessu!“
- Ég kem því til skila með ýmsu móti að ég hafi mætur á börnum og einlægan áhuga á þeim.
- Ég er jafn kurteis í garð barnanna og starfsfélaganna.
- Ég felli ekki sleggjudóma um börn og unglunga – hvorki í þeirra eyru né annarra kennara.

Mynd 3. Gátlistinn – tekið úr þemahefti um grunnþáttinn læsi bls. 43-44.

- Ég sé til þess að börnin fá reglulega tækifæri til þess í skólastofunni að ræða mál til nokkurrar hlítar, þ.e. ekki þannig að þau svari spurningum mínum með einu orði eða setningu.
- Ég forðast að spyrja spurninga sem ég veit svarið við, spurninga sem ég spyr til þess eins að prófa kunnáttu nemenda.
- Ég reyni að spyrja opinna spurninga sem kalla fram mismunandi viðbrögð í nemendahópnum og ekki er hægt að svara með jái eða nei.
- Ég virði umræðuefni nemenda minna, jafnt alvörumál sem mál af léttari toga.
- Ég reyni að viðhalda jafnvægi í samskiptunum í bekknum: Stundum beini ég orðum að nemendum, stundum tala þeir við mig, stundum tala þeir saman.
- Í stað þess að bæla niður tilfinningar nemenda reyni ég að lýsa þeim með orðum. Í stað þess að segja „Auðvitað hatarðu Nonna ekki“ gæti ég sagt „Ég skil að þér sárni þetta“ (að Nonni sparkaði í kubbahúsið).
- Í stað þess að skamma nemendur reyni ég að skýra hluti fyrir þeim. Skammir: Þú veist að þú mátt ekki ekki toga í vænginn á fiðrildinu. Upplýsingar: Það þarf svo lítið til að laska fiðrildi. Vængurinn slitnar af við minnsta átak.
- Ég lýsi vandamálinu í stað þess að finna sökudólg. „Það er vatn úti um allt hjá vaskinum og við verðum að þurrka það upp áður en einhver dettur og meiðir sig“ dugar betur en „Hver sprautaði vatni út um allt?“
- Í stað þess að skipa fyrir, lýsi ég valkostum, þó ekki of mörgum „Þegar þið eruð búin lesa söguna getið þið farið í teiknihornið og teiknað mynd af víkingunum, farið upp á bókasafn og fundið aðra víkingabók eða hlustað aftur á geisladiskinn í hlustunarhorninu.“
- Ég forðast skammarræður og reyni að vera skorinorð. „Unnur, gakkstu frá púsluspílinu ... núna! Ég á ekki að þurfa segja þér þetta á hverjum degi.“ Áhrifaríkara er að segja: „Þú veist hvar við geymum púsluspílið.“
- Ég hampa því sem börnunum tekst að gera fremur en að benda á það sem þeim hefur ekki tekst: „Ég sé að þú ert búinn með fyrsta stafinn í nafninu þínu, Hrafnkell!“ hvetur Kela meira til dáða en orð sem gefa til kynna að hann ráði ekki enn við að skrifa nafnið allt.

Pau eru farin að biðja okkur um að lesa fyrir sig, bara þau mega alltaf fara í bækurnar þegar þau eru inni og þau eru kannski í frjálsum leik og bara allt í einu fá þau nóg og þá fara þau og fá sér bók og þá kemur allt í einu „viltu lesa fyrir mig“ og þá reynum við allt til að gefa okkur tækifæri til að lesa.

Þátttakandi í rýnihópi.

10. Hugmyndir, ítarefni, fræðsluefni og námsgögn

- Fjölbreytt tilbúin námsgögn, s.s. spil, tölvuleikir og smáforrit sem örva mál og læsi má nota með öllum barnahópnum. Mikilvægt er að allir starfsmenn leikskólans hafi aðgang að þeim en ekki eingöngu þeir sem sjá um sérkennslu. Listinn hér að neðan er alls ekki tæmandi en hér eru nefnd dæmi um námsgögn og slóðir:
 - o **Orðaspjall** er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Handbók um aðferðina og upplýsingar má finna á www.tjarnarsel.is
 - o **Sögugrunnurinn** eftir Guðrúnu Sigursteinsdóttur og Rannveigu Oddsdóttur er góður til að vinna með uppbyggingu sögu og frásagna.
 - o **Orðahljóð** eftir Guðrúnu Sigursteinsdóttur eru námsgögn sem ætluð eru til að efla hljóðvitund 3-6 ára barna. Þau má nálgast á innri vef skóla- og frístundasviðs/ fagþjónusta /læsi
 - o **Lærum og leikum með hljóðin** <http://www.laerumogleikum.blog.is/blog/laerumogleikum/>
 - o **Lubbi finnur málbein** <http://www.forlagid.is/?p=16717>
 - o **Markviss málörvun** er handbók í þjálfun hljóðkerfisvitundar og tengsl hljóðkerfisvitundar við lestrarferli og myndun læsis.
 - o Ýmislegt um málörvun og boðskipti er að finna í bókunum **Ljáðu mér eyra** og **Bína bálreiða** eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur.
 - o Margvísleg smáforrit til málörvunar leikskólabarna má finna á www.appland.is/leikskoli
 - o **Tákn með tali** <http://www.tmt.is/>

- o **Sagnorðaspilið** er mál- og talörvunarefni eftir Hólmsfríði Árnadóttur og Böðvar Leós.
- o **Paxel123**, málörvun og stærðfræði á fjölmörgum tungumálum <http://paxel123.com/is/>

- Vefefni sem hægt er að nýta til að fræðast um og skipuleggja vinnu með málörvun og læsi:
 - o **Lesvefurinn** www.lesvefurinn.hi.is . Gagnlegt efni um læsi og lestrarerfiðleika.
 - o Fjölbreytta tölvuleiki sem örva mál og læsi er að finna á krakkasíðu Námsgagnastofnunar <http://nams.is/krakkasidur/>
 - o **Könnunaraðferðin**, þrjúþætt ferli í vinnslu verkefna þar sem hugað er að undirbúningi og úrvinnslu eykur möguleikann á því að börn dýpki þekkingu sína á ákveðnum viðfangsefnum. www.projectapproach.org
 - o **Leikur að bókum** er vefur með fjölmörgum hugmyndum fyrir þá sem leita nýrra leiða til að vinna með barnabækur í leikskóla á ferskan og spennandi hátt. www.leikuradbokum.net
 - o Gagnlegt efni til málörvunar barna með annað móðurmál en íslensku er að finna á www.allirmed.is / íslenska sem annað mál og Tungumálatorginu www.tungumalatorg.is
 - o Leiðir til að vinna með og styðja við móðurmál tvítýngdra barna www.modurmal.com
 - o Íslenskar rafbækur www.emma.is





- Fræðileg umfjöllun:
 - o **Orð af orði, orðs ég leitaði**, skýrsla um þróunarverkefni í Reynisholti 2009-2012. Höf: Guðrún Sigursteinsdóttir.
 - o **Samskipti og læsi**. Fjölbreytt og hugmyndaríkt þemahefti með námskrá frá New Brunswick <http://www.gnb.ca/0000/ECHDPE/curriculum-e.asp>
 - o **Þróun læsis frá fjögura til átta ára aldurs**. Grein eftir Freyju Birgisdóttur. www.netla.hi.is.
 - o **Skrifa nafnið sitt í leikskóla og lesa í grunnskóla. Um þróun í læsi á meðal barna við lok leikskólagöngu**. Grein eftir Rannveigu Jóhannsdóttir. www.netla.hi.is.
 - o **Langtímarannsókn á forspárgildi athugana á málproska frá leikskólaaldri til fullorðinsára**. Grein eftir Jóhönnu Einarsdóttur, Ingibjörgu Símonardóttir og Amalíu Björnsdóttur. Niðurstaðan er sú að einn af þeim þáttum sem virðast stuðla að farsælu námi í grunnskóla er málþekking barna á leikskólaaldri. www.netla.hi.is.
- o **Leikur og læsi: Rannsókn á samþættingu leiks og læsis hjá tveimur kennum í byrjendakennslu**. M.Ed. verkefni, höf: Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir. www.gegdir.is
- o **Eykur P-PALS þjálfun hljóðskerfisvitund og stafapækkingu hjá leikskólabörnum?** B.Ed. ritgerð, höf: Anna María Gunnarsdóttir og Berglind Sigríður Harðardóttir. www.gegdir.is
- o **Regnboginn á óteljandi liti. Börn og ljóðagerð, hagnýtar upplýsingar**. B.Ed. ritgerð, höf: Eygló Ida Gunnarsdóttir og Virginia Saharopulos. www.gegdir.is
- o **Leikur og læsi í leikskólum**. Grein eftir Önnu Þorbjörgu Ingólfsdóttur. www.netla.hi.is
- o **Málumhverfi og lestrarnám barna í tíu leikskólum**. Skýrsla unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið 2011. Höf: Anna Þ. Ingólfsdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir.

Heimildir

Aðalnámsskrá leikskóla. (2011). Sótt 30. mars 2013 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3952>.

Anna Magnea Hreinsdóttir, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2010). Leikur – ritmál – tjáning. Starfendarannsókn um aukid samstarf leikskóla og grunnskóla. *Netla, veftímarit um menntun*. Sótt 31. maí 2013 af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/003.pdf>

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2011). Skýrsla um málumhverfi og lestrarnám barna í tíu leikskólum. Reykjavík. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Sótt 4. júní 2013 af http://raffhladan.is/bitstream/handle/10802/2533/malumhv_leiksk_2011.pdf?sequence=1

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (2011). Leikur og læsi í leikskólum. *Netla, veftímarit um menntun*. Sótt 4. júní 2013 af <http://netla.khi.is/greinar/2011/alm/005.pdf>

Birna Arnbjörnsdóttir. (2000). Menntun tvítýngdra barna. *Málfregni* (19), bls. 11-15. Reykjavík.

Birna Arnbjörnsdóttir. (2010). Skólar og fjölskyldur sem málsamfélög. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstjórar), *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 315-336). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.

Dickinson, D., & Tabors, P. (2001). *Beginning literacy with language: Young children learning at home and school*. Baltimore, MD: Paul. H. Brookes Publishing Co.

Elín Þóll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítýngi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir, og Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 101-128). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.

Freyja Birgisdóttir. (2011). Þróun læsis frá fjögura til átta ára aldurs. *Netla, veftímarit um menntun*. Sótt 31. maí 2013 <http://netla.hi.is/menntakvika2011/005.pdf>

Freyja Birgisdóttir. *Mikilvægi leikskólans fyrir þróun læsis*. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnunni „Læsi í leikskóla, orðið er frjálst“ sem haldið var í Reykjavík 31. október, 2012.

Fríða Bjarney Jónsdóttir. *Tvítýngi, fjöltyngi, ávinningur fyrir einstakling og samfélag*. Fyrirlestur fluttur á morgunverðarfundinum „Virkt tvítýngi - íslenskukennsla fyrir nemendur með íslensku sem annað mál og móðurmálskennsla nemenda af erlendum uppruna“ sem haldinn var í Reykjavík 3. maí, 2013.

Gerður Ó. Óskarsdóttir. (2012). *Skil skólastiga: Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir. (2009). *Leikur og læsi: Rannsókn á samþættingu leiks og læsis hjá tveimur kennurum í byrjendakennslu*. Óbirt M.Ed. ritgerð. Reykjavík: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. Sótt 4. júní 2013 af <http://skemman.is/stream/get/1946/4084/11640/1/Meistaraverkefni.pdf>

Halldóra Haraldsdóttir. (2012). Er samfella í læsiskennslu barna á mótum leik- og grunnskóla? *Netla, veftímarit um menntun*. Sótt 31. maí 2013 af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/018.pdf>.

Heath, S.B. (1982). What no bedtime story means: Narrative skills at home and school. *Language in Society*, 11, 49-76.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. *Grunnur læsis er lagður á leikskólaárunum, hvert er hlutverk uppallenda?*, Fyrirlestur fluttur á ráðstefnunni „Læsi meira en stafir og staut“ sem haldin var í Reykjavík 4. febrúar, 2012.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2012). Málproski leikskólabarna. *Orðaspjall. Að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri*. Handbók. Leikskólinn Tjarnarsel: Reykjanesbær.

Jóhanna Einarsdóttir. (2007). *Lítil börn með skólatöskur. Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, RannUng.

Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir. (2013). *Á sömu leið*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jóhanna Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Amalía Björnsdóttir. (2011). Langtímarannsókn á forspárgildi athugana á málproska. Frá leikskólaaldri til fullorðinsára. *Netla, veftímarit um menntun*. Sótt 4. júní 2013 af <http://netla.khi.is/greinar/2011/ryn/006.pdf>

Lög um leikskóla nr. 90/2008.


Neaum, S. (2012). *Language and Literacy for the Early Years*. London: Sage publication.

Rannveig Jóhannsdóttir. (2011). Skrifa nafnið sitt í leikskóla og lesa í grunnskóla. Um þróun í læsi á meðal barna við lok leikskólalöngu. *Netla, veftímarit um menntun*. Sótt 4. júní 2013 af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/023.pdf>

Snow, C. E., Griffin, P., Burns, S. (2005). *Knowledge to Support the Teaching of Reading. Preparing Teachers for Changing World*. San Fransisco: John Wiley and Sons.

Stefán Jökulsson. (2012). Læsi. *Ritroð um grunnþætti menntunar*. Sótt 4. júní 2013 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/2012/10/16/nr/7156>

Þórdís Þórðardóttir. (2012). *Mennningarlæsi: Hlutverk barnaefnis í uppeldi og menntun telpna og drengja í tveimur leikskólum*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Borgartún 12-14 • 105 Reykjavík • Sími 411 11 11 • sfs@reykjavik.is • www.skolarogfristund.is

